

# Missti af fæðingu dóttur sinnar vegna COVID-19

- Lögreglumenn á Suðurlandi smituðust við skyldustörf
- Símon og Íris Edda lýsa veikindum sínum og áhrifum á fjölskyldur þeirra
- Yfirlögregluþjónn segir sárt að horfa upp á lögreglumenn smitast í vinnunni

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
1. tbl. - 2020




- LÖGREGLU -
# MAÐURINN

1. tölublað - 36. árgangur 2020 - 94. blað



Ritstjóri:
Baldur Guðmundsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon,
formaður LL



Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri LL

Forsíðumynd:
Rakel Ósk

Teikning á bls 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson, Rakel Ósk
og aðsendar.

ll@logreglumenn.is

www.logreglumenn.is

## Efnisyfirlit:

**Formannshornið** 3

**Kynning á nýjum kjarasamningi** 4

**Missti af fæðingu dóttur sinnar**
*- Viðtöl við tvo lögreglumenn sem smituðst af Covid-19* 6

**Erfitt að horfa upp á lögreglumenn smitast**
*- Viðtal við Svein Rúnar Kristjánsson yfirlögregluþjón* 10

**Háskólanámið breytir menningu innan lögreglunnar**
*- Viðtal við Ólaf Örn Bragason, forstöðumann Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar* 13

**Europol óttast fjölgun hryðjuverka** 18

**Íþróttir**
- Ísland leiðir NPSA 23
- Gísli Þorsteinsson 23
- LVV vann öldungamótið 24
- Mikil spenna á landsmóti 25
- Bjarni glímdi í Ungverjalandi 27
- Frækin frammistaða kvennanna í Tallin 28
- Sigurbjörn bestur kylfinga á Garðavelli 30

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Kjarasamningar



**Nú fyrir skömmu tókst að ljúka kjarasamningagerð fyrir lögreglumenn en kjarasamningar höfðu verið lausir frá 1. apríl 2019. Það má heita með algerum ólíkindum sá dráttur sem varð á því að hægt væri að undirrita og bera kjarasamning undir félagsmenn í atkvæðagreiðslu.  Þetta er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem álíka dráttur hefur orðið á gerð kjarasamninga við stéttina og er það í raun frekar venja en hitt frá því verkfallsréttur stéttarinnar var afnuminn með lögum árið 1986. Frá þeim tíma hefur það ítrekað gerst að kjarasamningagerð hafi dregist á langinn svo mánuðum skipti.**

Einn stærsti áfangasigur nýgerðs kjarasamnings er án efa sú staðreynd að um komandi áramót lítur dagsins ljós ný („rétt“) launatafla fyrir lögreglumenn en launatöflur undanfarinna ára hafa einfaldlega verið ónýtar vegna þeirrar vegferðar sem hafin var á haustmánuðum 2008 með krónutöluhækkunum í stað hefðbundinna prósentuhækkana. Þessari nýju launatöflu fylgir nýr stofnanasamningur sem, þegar þetta er skrifað, er í vinnslu á milli Landssambands lögreglumanna og Lögreglustjórafélags Íslands.

Grettistaki var lyft í launamálum og kjarasamningum bæði á hinum almenna og opinbera vinnumarkaði með styttingu vinnuvikunnar en slíkum árangri hefur íslensk launþegahreyfing ekki náð í áratugi. Nú hins vegar blasir við umtalsverð vinna úti í fyrirtækjunum og stofnunum hins opinbera við innleiðingu vinnutímastyttingarinnar.

Þó nokkrum árangri, gagnvart launþegum á almennum vinnumarkaði, var náð á árinu 2016 þegar gengið var frá samkomulagi, sem þegar hefur tekið gildi, um samræmingu lífeyriskjara á milli markaða. Því samkomulagi fylgdi loforð stjórnvalda um jöfnun launa á milli markaða.  Það bólar lítið á efndum þess loforðs.

Hægt er að hefja þessa vinnu með góðum stofnanasamningi.

Á árunum fyrir bankahrunið margumrædda og -skrifaða, var allverulegur flótti úr stétt lögreglumanna í betur launuð störf á hinum almenna vinnumarkaði. Ástæða þessa var afar einföld. Launin einfaldlega endurspegluðu ekki þá ábyrgð, áhættu og kröfur sem gerðar eru til þeirra starfa að vera lögreglumaður.

Hægt er að koma í veg fyrir að ofangreint gerist með góðum stofnanasamningi.

Sá er þetta ritar hefur margítrekað bent stjórnvöldum, núverandi og fyrrverandi, á þá staðreynd að launakjör lögreglumanna eru í algjörum ógöngum. Þá hefur einnig verið bent á þá einföldu staðreynd að ríkisvaldið, ef það ætlar að halda á sínum starfsmannamálum á þann veg að einhver vilji vinna sem opinber starfsmaður, þá þarf eitthvað mikið að koma til.  Staðreynd mála er nefnilega sú að hrunástand og eftirmálar þess vara ekki að eilífu.  Staðreynd mála er nefnilega sú að innan raða lögreglumanna er gríðarlegur mannauður sem, þegar þetta er skrifað, bíður þess sem kemur. Bíður betri tíðar með blóm í haga og þess að geta jafnvel hafið störf á öðrum vettvangi en innan lögreglu.

Hægt er að koma í veg fyrir að ofangreint gerist með góðum stofnanasamningi.

Það kostar hið opinbera gríðarlega fjármuni að mennta og þjálfa einn lögreglumann þ.a. sá hinn sami geti unnið að störfum sínum í þágu lands og þjóðar.

Þessir fjármunir, sem þarf til að mennta, þjálfa og viðhalda þjálfun hvers einasta lögreglumanns eru fengnir úr vösum skattgreiðenda. Það segir sig því sjálft að það þarf að hlúa vel að þessari fjárfestingu hins opinbera. Það eru hins vegar og því miður mörg dæmi þess, innan hins opinbera, að ekki er hlúð að fjárfestingum í mannauði – heldur þvert á móti.

Hægt er að koma í veg fyrir að ofangreint gerist með góðum stofnanasamningi.

Fyrir allmörgum árum ákvað sá er þetta ritar að leita á önnur mið með atvinnu, að hluta til vegna arfaslakra launakjara hjá hinu opinbera. Það, eitt og sér, er í sjálfu sér ekki stórmál.  Það sem hins vegar kom á óvart var sú staðreynd að hið opinbera hafði engan áhuga á að vita hvers vegna verið væri að leita á önnur mið. Það var eins og það skipti nákvæmlega engu máli þó að einstaklingur, sem hið opinbera hafði eytt gífurlegum fjármunum í að þjálfa til starfa, hyrfi úr þjónustu hins opinbera. Viðhorfið virtist einhvern veginn vera: „Það kemur maður í manns stað.“

Það má vissulega færa til sanns vegar að það komi maður í manns stað en ég held að óhætt sé að segja að öll almenn fræði er varða starfsmannahald og mannauðsstjórnun segi það og skrifi að það borgi sig, til lengri tíma litið, að halda í reynt starfsfólk og umbuna því fyrir þá „hollustu“ sem það sýnir vinnuveitanda sínum. Því virðist hins vegar ekki vera til að dreifa hjá hinu opinbera sem vitandi, eða óafvitandi, sem atvinnurekandi hefur engan áhuga á því hvort starfsfólk þess vilji vinna hjá því eður ei. „Það kemur maður í manns stað.“

Hægt er að sporna við óhóflegri starfsmannaveltu með góðum stofnanasamningi.

Launakjör lögreglumanna hafa verið talsvert til umræðu undanfarin ár og misseri. Oftar en ekki hefur umfjöllunin snúist um þá staðreynd hversu léleg launakjörin eru. Þannig hafa einnig skoðanakannanir sýnt að þorri almennings er á þeirri skoðun að laun lögreglumanna séu skammarlega lág í ljósi þeirrar ábyrgðar, áhættu og krafna sem gerðar eru til starfans. Ríkisvaldið hins vegar kýs að láta þessar staðreyndir sem vind um eyru þjóta, heldur áfram að auka við ábyrgð og áhættu lögreglumanna í starfi.

Hægt er að snúa af þessari braut með góðum stofnanasamningi.

Einhver, sem þetta les, kynni að spyrja sig hvers vegna lögreglumenn, sem virðast vera svo óánægðir í starfi haldi áfram störfum fyrir svo skeytingarlausan vinnuveitanda. Svarið við þeirri spurningu er hins vegar afar einfalt. Starfið er afar fjölbreytt, gefandi, áhugavert, skemmtilegt og fræðandi, til að nefna einhver atriði. Það hins vegar er alls ekki nóg þegar til lengri tíma er litið. Einstaklingar brauðfæða hvorki sjálfa sig né fjölskyldur sínar á áhuga, fjölbreytileika og skemmtilegheitum. Launamenn þurfa laun fyrir vinnu sína. Mannsæmandi laun sem duga til framfærslu fjölskyldna.

***Snorri Magnússon***
***formaður, LL***


Lögreglumenn í fullum skrúða.

# Hærri laun og færri vinnustundir

## *Nýr kjarasamningur við ríkið var samþykktur í atkvæðagreiðslu í september. Hér er farið yfir helstu ákvæði hans.*

**Lögreglumenn samþykktu breytingar og framlengingu á kjarasamningi Landssambands lögreglumanna (LL) og ríkisins í atkvæðagreiðslu miðvikudaginn 23. september með 59% greiddra atkvæða.**

**Samningurinn er að fullu afturvirkur frá 1. apríl 2019 og gildir til 31. mars 2023. Með þeirri afturvirkni eru lögreglumönnum tryggðar þær launahækkanir sem kveðið er á um í lífskjarasamningnum svokallaða, sem margir aðrir hópar samfélagsins sömdu um vorið 2019.**

**Forsendur samningsins eru áþekkar umræddum lífskjarasamningum.** Launaflokkar hækka um 17.000 krónur 1. apríl 2019 og 18.000 krónur 1. apríl 2020. Samtals kemur því 35 þúsund króna launahækkun hjá lögreglumönnum fram strax við gildistöku samningsins.

Þann 1. janúar næstkomandi tekur ný launatafla gildi, ásamt nýjum stofnanasamningi. Í þeirri breytingu felst að laun hækka að lágmarki um 4 prósent. Ári síðar, 1. janúar 2022, kemur svo síðasta hækkun samkomulagsins til framkvæmda en þá hækka laun um 3,5 prósent.

### *Launin hækka minnst um 68 þúsund*

Heildarhækkun launa á samningstímanum er á bilinu 15,8 til 17,5 prósent. Þeir sem hafa lægstu launin hækka mest hlutfallslega. Minnsta hækkun launa á samningstímanum er rúmar 68 þúsund krónur en dæmi eru um meiri hækkanir. Þannig má nefna að lögreglumaður í launaflokki níu, í þrepi sex, með fimm ára starfsreynslu hefur 385.107 krónur í laun samkvæmt gamla samningnum. Eftir hækkanirnar tvær, sem þegar koma til framkvæmda, verða launin 404.657 krónur. Launin verða 442.371 króna á mánuði frá næstu áramótum og svo 457.854 krónur eftir hækkunina 1. janúar 2022. Laun hans hækka því samtals um 72.747 krónur á mánuði í launum á samningstímabilinu, eða um 17,69 prósent.

Í samningunum er líka kveðið á um

GARÐHEIMAR
GINGER
Góa Stofnað 1968
hagar

„önnur laun“ sem fylgja starfinu. Heimilt er að greiða önnur laun með mánaðarlegri greiðslu, svo sem reglubundin yfirvinna og starfstengt álag, sem ekki verður mælt í tíma. Þessi laun geta komið í stað yfirvinnukaups. Jafnframt verður heimilt að greiða viðbótarlaun umfram reglubundin mánaðarlaun, en sú fjárhæð skal byggja á málefnalegum sjónarmiðum, eins og það er orðað. Greiða má viðbótarlaun í allt að sex mánuði en ef tilefni er til er heimilt að framlengja greiðslu þeirra um þrjá mánuði í senn en þó aldrei lengur en í tvö ár samfellt.

*Orlofs- og desemberuppbætur*

Í samningnum er kveðið á um hækkun orlofs- og desemberuppbóta. Desemberuppbót, sem miðar við full starf, hækkar um tvö þúsund krónur á ári á samningstímanum. Á þessu ári verða fullvinnandi launafólki greiddar 94 þúsund krónur.

Orlofsuppbót verður 52 þúsund krónur á næsta ári en 53 þúsund krónur árið 2022. Orlofsprósentan verður nú ein í stað þriggja, eða 13,04%. Allir sem eru í fullu starfi og vinna 40 stundir á viku fá hér eftir 240 stundir í orlof. Orlofstímabilið er frá 1. maí til 15. september og starfsmenn eiga rétt á allt að 30 dögum, þar af fimmtán samfelldum á sumarorlofstímabilinu, verði því komið við vegna starfa stofnunarinnar. „Yfirmaður ákveður, í samráði við starfsmann, hvenær orlof skuli veitt. Yfirmanni er skylt að verða við óskum starfsmanna um hvenær orlof skuli veitt enda verði því við komið vegna starfsemi stofnunar.“

Einnig kemur fram að ákvörðun um sumarorlof skuli liggja fyrir ekki síðar en 31. mars. Ýmsar frekari breytingar voru gerðar á kafla um orlofsmál, sem lögreglumenn eru hvattir til að kynna sér. Þar á meðal eru breytingar um tilfærslu á orlofsdögum á milli ára og ákvæði um veikindi í orlofi.

*Skil milli vinnu og einkalífs skerpt*

Nýja grein um vinnustaði er að finna í samningnum. Í henni kemur fram að gert sé ráð fyrir því að starfsfólk geti sinnt reglubundnum störfum sínum innan hefðbundins vinnudags. Mikilvægt sé að stofnanir setji sér viðverustefnu þar sem skerpt sé á skilum milli vinnu og einkalífs. „Í þeim tilvikum sem starfsfólk þarf að sinna vinnu utan hefðbundins vinnutíma skal það koma fram í starfslýsingu og starfskjörum viðkomandi. Að öðrum kosti skal greiða sérstaklega fyrir vinnuframlag sem yfirmaður krefst af starfsmanni utan hefðbundins vinnutíma.“

Í bókun með kjarasamningnum er kveðið á um að stefnt skuli að upptöku launaþró-




***Hópur lögreglumanna á landsleik í Laugardal.***

unartryggingar á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar. Þannig skuli tryggja að launaþróun sé að jafnaði svipuð hjá opinberum starfsmönnum og á almennum vinnumarkaði. Sérstaklega skuli horft til þeirra hópa sem ekki hafa verkfallsrétt, en slíkan rétt hafa lögreglumenn ekki. Meta skal hvort annað fyrirkomulag en hefðbundnir kjarasamningar henti betur fyrir þessa hópa.

*Úr 40 stundum í 36*

Lífskjarasamningarnir hverfast um tilteknar launahækkanir en ekki síður styttingu vinnuvikunnar. Í lífskjarasamningunum var samið um að styttingin hjá fólki í dagvinnu taki í síðasta lagi gildi 1. janúar 2021. Í tilviki vaktavinnufólks er miðað við næsta vor en vinnuvika vaktavinnufólks á að fara úr 40 tímum í 36, svo dæmi sé tekið.

Ítrekað hefur verið sýnt fram á að stytta megi vinnuvikuna þrátt fyrir að álagið á vinnustaðnum geti verið mikið. „Fyrir vaktavinnufólk sem vinnur utan dagvinnutíma, um helgar og á nóttunni, er möguleiki á að stytta vinnuvikuna enn frekar, eða allt niður í 32 stundir. Breytingarnar verða gerðar án launaskerðingar,“ segir í kynningu styttingu vinnuvikunnar á vef BSRB.

Styttingin verður útfærð hjá hverri stofnun eða á hverjum vinnustað fyrir sig en áður verður skipaður vinnutímahópur á vinnustaðnum.

*Starfsfólk tekur þátt*

BSRB hefur gefið út mikið efni sem ætlað er að skýra hvernig styttingu vinnuvikunnar, annars vegar hjá starfsfólki í dagvinnu og hins vegar hjá starfsfólki í vaktavinnu, verður háttað. Lögreglumenn eru hvattir sérstaklega til að kynna sér þessar útfærslur en starfsmenn hafa sjálfir ýmislegt um það að segja hvernig endanleg útfærsla verður. Því skiptir miklu máli að starfandi lögreglumenn hafi hugmynd um hvaða leiðir hægt er að fara.

Á vef BSRB er fjölmörgum spurningum sem brunnið geta á dagvinnu- eða vaktavinnufólki svarað, sem of langt væri að rekja hér. Á forsíðu vefjar BSRB má smella á „Kynningarefni fyrir kjarasamninga“ til að finna þær upplýsingar en þar má einnig finna myndbönd sem skýra hvaða leiðir eru færar til styttingar vinnuvikunnar.

das HRAFNISTA
TAXI HREYFILL 5 88 55 22
Hvalur hf.
ILVA




*Símon Geir og Íris Edda tóku veikindunum af æðruleysi þó þau þyrftu bæði að vera fjarri börnum sínum.*

# Smitaðist í starfi og missti *af fæðingu dóttur sinnar*

*Símon Geir Geirsson lögreglumaður og Íris Edda Heimisdóttir rannsóknarlögreglumaður eru tvö þeirra sem smituðust af COVID-19 við skyldustörf fyrir lögregluna á Suðurlandi í júní. Þau lýsa því bæði hvernig þau upplifðu veikindin og fjarveruna frá fjölskyldum sínum, á viðkvæmum tímapunkti í lífi þeirra. „Þetta var mikið áfall," segir Símon um það þegar hann greindist en þá var konan hans gengin 38 vikur.*

**„Ég finn ekki fyrir reiði út í starfið eða þetta verkefni, núna þegar frá líður. En þetta kennir manni að fara varlega,“ segir Símon Geir Geirsson, lögreglumaður á Suðurlandi. Hann smitaðist af COVID-19 í sumar, þegar hann hafði afskipti af þremur Rúmenum sem hnupluðu höfðu úr verslun á Selfossi.**

Verslunareigandinn hafði náð myndum af fólkinu og bílnum þegar þau óku á brott eftir brot sín umræddan dag. Eftir að hafa verið í samskiptum við fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra hafði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hendur í hári fólksins skammt utan Reykjavíkur. Símon fór því ásamt öðrum lögreglumönnum yfir Hellisheiði og sótti fólkið.

### *Þremur dögum fyrir opnun landamæra*

Þetta var 12. júní síðastliðinn en fyrirhugað var að opna landamærin 15. júní. „Við töldum að landamærin væru lokuð og að fólk væri ekki að ferðast á milli landa, nema með einhverjum undantekningum,“ segir Símon um aðstæðurnar sem uppi voru á þessum tíma. Fólkið hafi verið á bíl sem skráður var á einstakling sem búsettur var í Reykjavík og drógu þau því þá ályktun að um væri að ræða fólk sem byggi hér á landi. Lögreglumennirnir hafi verið með hanska en ekki annan hlífðarbúnað.

Símon segir að fólkið hafi verið fært í járn – með tilheyrandi nálægð – og því hafi svo verið ekið yfir heiðina til baka. Hann settist sjálfur í aftursæti lögreglubílsins, við hlið eins mannsins. „Á leiðinni var ekkert sem benti til smits, það var enginn lasinn að sjá. Einn þeirra sagði mér að hann byggi í Reykjavík og þeir sögðu ekkert um að þau væru nýkomin frá útlöndum.“

### *Fjórir í herberginu í einu*

Á lögreglustöðunni á Selfossi var Íris Edda Heimisdóttir rannsóknarlögreglumaður ásamt kollegum sínum þegar Símon og félagar komu með Rúmenana í hús. Klukkan var að verða þrjú en vaktinni hennar átti að ljúka klukkan fjögur. Áður en hún fór heim tók hún skýrslu af fólkinu, hverju í sínu lagi, ásamt öðrum rannsóknarlögreglumanni, sem einnig smitaðist umræddan dag. Það tók drjúgan tíma. Hún segir að rýmið þar sem skýrslur eru teknar af fólki á lögreglustöðinni sé ekki stórt.

„Þetta voru þrjár skýrslutökur,“ segir hún um framvinduna. Hver og ein skýrslutaka hafi farið fram með tveimur lögreglumönnum og túlki. Fjórir hafi því verið inni í herberginu á hverjum tíma.

Íris segir að sögum fólksins hafi ekki alveg borið saman um veru þeirra hér á landi, auk þess sem tungumálaörðugleikar hafi torveldað samskiptin. Smám saman hafi hins vegar komið í ljós að fólkið hafði allt komið til landsins fjórum dögum áður. „Fram að því vaknaði aldrei sá grunur að fólkið væri nýkomið til landsins. Þau voru á bíl sem skráður var á einstakling sem er búsettur hér á landi, með íslenska kennitölu. Landið átti að vera lokað með undantekningum. Verklag hjá okkur var í samræmi við það,“ útskýrir Íris. Um leið og í ljós kom að fólkið hefði komið til landsins örfáum dögum áður var gripið til aukinna sóttvarna. En þá hafi það verið of seint.

Þegar skýrslutökum lauk var ákveðið, í samráði við sóttvarnalækni, að lögreglumennirnir fengju að fara heim, enda byrja þeir sem smitast ekki að smita aðra fyrr en að tilteknum tíma liðnum. Síðar um kvöldið var sýni tekið af fólkinu sem var í haldi.



*Það voru fagnaðarfundir þegar Símon fékk dóttur sína í fyrsta sinn í fangið og fjölskyldan sameinaðist. Mynd/Rakel Ósk*

Strax morguninn eftir, á laugardeginum, var svo hringt í lögreglumennina því smit hafði greinst hjá Rúmenunum. Þá fóru Íris, Símon og aðrir lögreglumenn sem að máli höfðu komið í sóttkví. Alls var um að ræða ellefu lögreglumenn á Suðurlandi og fáeina hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

### *Var á leið í útskrift þegar símtalið kom*

Þessa helgi var Símon á leið í útskrift sína hjá Menntasetri lögreglunnar. „Það hafði verið ákveðið að lítil útskrift yrði haldin fyrir þá sem voru að klára skólann. Ég var á leiðinni í útskriftina þegar ég fékk símtal um að ég ætti að fara í sóttkví,“ útskýrir hann. Fyrri skimun hjá lögreglumönnunum sem voru í sóttkví fór fram mánudaginn 15. júní, að sögn Símonar. Aðeins einn lögreglumaður greindist jákvæður þá; Íris Edda.

„Það var vægast sagt ömurleg tilfinning og mikið sjokk,“ segir Íris um það þegar hún fékk jákvæða niðurstöðu á mánudeginum, eftir að hafa verið í sóttkví frá því umræddan laugardag. Hún segist hafa verið búin að vera kvefuð og með stíflaðar

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

dagar

FULLTINGI
slysa- og skaðabótamál



*Símon Geir Geirsson, Íris Edda Heimisdóttir og Berglind Eva Markúsdóttir smituðust öll við skyldustörf. Þau tókust saman á við veikindin í þessum sum*

ennisholur áður en þetta mál kom upp og taldi að einkennin sem hún hafði tengdust þeim veikindum. Áfallið hafi því verið mikið. Í kjölfarið fór hún strax í einangrun í sumarhús sem embættið hafði til afnota.

### *Ein í bústað*

Íris var ein í sumarhúsinu í fjóra daga og segir það aðspurð hafa verið skrýtinn tíma. „Ég var ein uppi í sveit, stundum í kolniðamyrkri," rifjar hún upp. „Það flaug ýmislegt í gegnum hugann og manni stóð ekkert á sama." Hún segist þó vera jákvæð að eðlisfari og tók ákvörðun um að lesa lítið af því sem fjölmiðlar voru að skrifa á þessum tíma – reyna þess í stað að einbeita sér að eigin bata. „Ég hef fengið verri flensu segir hún um einkennin. „Þetta var slím og hósti og mikil hálsbólga. Ég var raddlaus í tvo daga. Ég hóstaði en var ekki slæm í lungunum – var bara þreytt og slöpp."

Íris segir það hafa verið erfitt að vera ein og vera kippt út úr daglegri rútínu. Hún hafi mikla hreyfiþörf og því hafi það verið mikil viðbrigði að loka sig inni. Íris var auk þess hrædd um að hafa smitað fjölskyldu sína. Þau unnusti hennar höfðu þó ákveðið að halda fjarlægð á heimilinu á föstudags-




*Símon og Íris Edda bera embættinu vel söguna, þegar kemur að viðbrögðum við smiti þeirra. Mynd/Aðsend*



*narbústað. Mynd/Rakel Ósk*

kvöldinu og voru meðvituð um þá hættu sem var fyrir hendi. Ekki var talin þörf á því að fjölskylda hennar færi í sóttkví.

### *Erfiður aðskilnaður*

Íris á unnusta og þrjú börn. Yngsta barnið, stúlka, var þarna aðeins fimmtán mánaða þegar Íris greindist með smit. „Það var rosalega erfitt því hún er mikil mömmustelpa. Það var það erfiðasta –að fara frá henni svona ungri," útskýrir Íris. Hún segir að áður en hún þurfti að fara í sóttkví og svo einangrun hafi litla stúlkan verið farin að segja orðið „mamma" en þegar hún sneri til baka – og sótti hana til dagmömmu – hafi dóttir hennar ekki viljað koma með henni heim heldur viljað vera áfram hjá dagmömmunni. Íris viðurkennir að það hafi verið henni mjög erfitt að upplifa. „Hún er enn ekki farin að segja mamma aftur," bætir hún við.

Fimmtudaginn 18. júní greindust tveir lögreglumenn til viðbótar með COVID-19, eftir samskiptin við Rúmenana. Símon var annar þeirra. Íris fékk þá hugmynd, eftir að hafa verið ein uppi í sveit í fjóra daga, að þremenningarnir yrðu saman í einangrun í bústaðnum. Að höfðu samráði við yfirmenn og sóttvarnayfirvöld var fallist á það – enda öll þrjú með smit af sama stofni. Íris segir að það hafi verið afar góð ákvörðun. Þau hafi veitt hvort öðru mikinn stuðning í veikindunum.

### *Greining á ögurstundu*

Símon greindist 18. júní, eins og áður segir. Á þeim tíma var eiginkona hans gengin 38 vikur með þeirra fyrsta barn saman. Þau höfðu bundið vonir við að hann yrði laus úr sóttkví áður en barnið kæmi í heiminn en jákvæð niðurstaða sýnisins gerði þær vonir að engu. „Þetta var mikið sjokk og áfall. Heimurinn eiginlega hrundi þegar þetta kom upp," viðurkennir Símon. Tilhugsunin um að missa af fæðingu barnsins, fyrstu andartökum þess og að geta ekki verið konu sinni innan handar á þessum viðkvæmu dögum hafi verið ömurleg.

Hann segir að þetta sýni hvað því geti fylgt að vera maki lögreglumanns. Verkefnin geti bæði verið hættuleg og erfið og þeir sem eru í framlínunni geti aldrei vitað hvað bíður þeirra. Vinnan fari oft fram á næturnar og um helgar auk þess sem trúnaðarskylda kemur í veg fyrir að hægt sé að ræða það sem upp kemur í vinnunni við makann. „Við upplifðum allar tilfinningarnar. Maður verður reiður, pirraður, vonsvikinn og fúll," segir hann um daginn sem þau fengu fréttirnar um að hann væri smitaður af COVID-19.

Símon fór í bústaðinn, eins og áður kemur fram, og segir að það hafi verið erfiður tími. Stuðningurinn sem þau hafi veitt hvert öðru hafi hins vegar verið ómetanlegur. „Við gátum rætt hlutina og þau einkenni sem komu upp. Maður þurfti ekki að vera einn með sínum hugsunum." Hann segir að fyrstu einkennin sem hann fann hafi verið miklir höfuðverkir. Hann hafi svo fundið fyrir tímabundnu lyktar- og bragðleysi auk hefðbundinna flensueinkenna. „Ég slapp rosalega vel."

Hann viðurkennir að hann hafi verið smeykur fyrst eftir að hafa verið greindur. „Mér fannst þetta alveg hrikalegt. Það vill hins vegar svo til að bróðir minn er lögreglumaður í Vestmannaeyjum og hann fór að segja mér sögur af smituðum Eyjamönnum sem við þekkjum báðir þaðan. Þá róaðist hugurinn. Ég var svo með einkenni í sjö daga," útskýrir hann en í sjö daga til viðbótar hafi hann þurft að vera í einangrun – reglum samkvæmt.

### *Fæðingin í beinni á Messenger*

Svo fór að konan hans fór af stað á meðan hann var í bústaðnum. „Ég fékk að fylgjast með fæðingunni í gegnum vídeósamtal á Messenger," segir hann. Það hafi verið erfitt því hann hafi ekki heyrt allt það sem fram fór. Á einum tímapunkti hélt hann að ráðast ætti í keisaraskurð en það hafi verið misskilningur hjá honum. „Konan mín stóð sig eins og hetja og þetta gekk rosalega vel. Það var skrýtið að fá ekki að klippa á naflastrenginn og líka að geta ekki haldið í höndina á konunni minni og hughreyst hana í fæðingunni."

Hann fékk fyrst að hitta nýfædda dóttur sína þegar hún var fimm daga gömul. Hann viðurkennir að það hafi verið tilfinningaþrungin stund. Ég hafði ekki fengið að koma nálægt konunni minni í tuttugu daga.

### *Æðruleysi mikilvægt í starfinu*

Símon segir að jákvæðni sé afar mikilvægur þáttur í fari lögreglumanns. Verkefnin séu þess eðlis að jákvæðni og æðruleysi sé mikilvægt veganesti. Útköllin séu oft á tíðum átakanleg og einstaklingarnir sem hafa þarf afskipti af erfiðir. „Það þarf æðruleysi til að geta tæklað þessa hluti og þetta útkall kennir manni að maður þarf alltaf að fara varlega." Hann segist vera tiltölulega nýr í lögreglustarfinu – hafi byrjað árið 2018. Hann hafi „álpast" í lögregluna og fundið strax eftir tvo daga í starfi að þetta væri rétta starfið fyrir hann. „Pabbi minn var lögreglumaður og hann var ekkert að hvetja mig til að fara í lögguna. En þetta er ekki starf sem maður velur. Lögreglustarfið velur mann."

Hann segist ekki glíma við nein eftirköst eftir veikindin. Aðspurður segir hans hins vegar að það sé afar mikill léttir að vera búinn að veikjast. „Það leiðinlega við þetta er kannski það að við sem höfum smitast erum alltaf send á vettvang þegar minnsti grunur leikur á um að einhver sé smitaður en það er mikill léttir að vera búinn að fá þetta. Ég er bara laus við þetta."

Íris segist hins vegar ekki vera orðin fullgóð eftir veikindin. „Ég er rosalega treg að hengja einhver einkenni við þetta en ég finn að ég er ekki alveg 100 prósent. Daglegt þrek og orka er minna. Mér finnst ég vera síþreytt og fæ mikinn höfuðverk upp úr engu – sem gerðist ekki áður. En hvort það er vinnuálagið eða einhver önnur skýring skal ég ekki segja til um."

### *Ónákvæmar upplýsingar*

Þegar Íris horfir til baka viðurkennir hún að skýrari upplýsingar hefðu mátt liggja fyrir. Þau hafi haft upplýsingar um að landamærin væru lokuð og ályktuðu, út frá þeim upplýsingum sem þau höfðu, að Rúmenarnir væru búsettir hér á landi. Sú hafi ekki verið raunin og á því hafi þau brennt sig. Málið hafi hins vegar kennt þeim að grípa til ýtrustu varúðarráðstafana, ef minnsti grunur leikur á að fólk sé smitað. „Maður sér núna að við hefðum átt að vera með grímu og hanska en það var tekin ákvörðun um að ekki væri tilefni til þess þarna."

Hún segir að framganga yfirmanna hjá lögreglunni á Suðurlandi hafi verið til fyrirmyndar frá því málið kom upp. Stuðningur félaga í gegnum veikindin hafi verið mikill og flest hafi verið gert til að koma til móts við þau. „Ég fékk mín venjulegu laun og vil hrósa þeim sem stjórna lögreglunni hér á Suðurlandi," segir hún að lokum.




*Hlífðarbúnaður er mikilvægur lögreglumönnum á tímum COVID-19.*

# Erfitt að horfa upp á lögreglumenn smitast

## *Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Suðurlandi, segir að sér hafi verið brugðið þegar hann frétti af því að þrír lögreglumenn hefðu smitast í vinnunni.*

**„Við lærðum það af þessu að maður getur ekki tekið neinu sem gefnu,“ segir Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn al--mennrar deildar á Suðurlandi, um útkallið í júní sem varð til þess að þrír lögreglumenn smituðust af COVID-19. Hann segir að yfirmönnum embættisins hafi verið brugðið þegar í ljós kom að lögreglumennirnir væru smitaðir. Erfitt hafi verið að horfa upp á fólkinu sínu kippt út úr daglegu lífi. „Það sem hitti okkur verst var þessi skerðing á lífsgæðum sem þau urðu fyrir á meðan þau voru í einangrun.“**

Eins og fram kemur í viðtali hér í blaðinu, við tvo af þeim þremur lögreglumönnum sem veiktust, þurftu ellefu lögreglumenn í umdæminu að fara í sóttkví í tengslum við útkallið 12. júní. „Það var erfitt að missa þetta fólk út,“ segir Sveinn Kristján þegar hann fer yfir málið en bætir við að allir hafi verið boðnir og búnir að leysa málin. Sumarafleysingafólk hafi auk þess sumt verið komið til starfa svo lögreglan hafi verið þokkalega mönnuð. Vel hafi gengið að manna vaktirnar. „Samt er alltaf erfitt að missa svona kjarna úr,“ bætir hann við. Þarna hafi heil vakt af fjórum dottið út á einu bretti. Lögreglumennirnir ellefu voru í sóttkví í 14 daga en þau þrjú sem veiktust voru frá í um og yfir 20 daga.



*Sveinn Kristján Rúnarsson.*

### *Færðu þeim vistir í bústaðinn*

Þeir lögreglumenn sem þurftu aðeins að fara í sóttkví dvöldu á hóteli á meðan sá tími leið. Þremenningarnir dvöldu hins vegar saman í sumarbústað, eftir að hafa sýkst, í samráði við sóttvarnayfirvöld. Spurður hvernig embættið hafi staðið að málum gagnvart þeim svarar Sveinn Kristján því til að allt kapp hafi verið lagt á að þeim yrði veitt öll sú þjónusta sem þau þurftu. „Við sáum um að koma til þeirra mat og öðrum vistum og vorum með einn starfsmann í að færa þeim það sem þau þurftu í bústaðinn. Við sáum um það allt.“

Eins og hér í blaðinu kemur fram smitaðist einn lögreglumaður í útkalli þar sem hann hafði afskipti af Rúmenum sem grunaðir voru um búðarþjófnað á Selfossi. Tveir rannsóknarlögreglumenn smituðust svo af sama fólki þegar skýrslutökur fóru fram. Einn lögreglumaðurinn missti af fæðingu dóttur sinnar vegna veikindanna.

### *Breytt verklag vegna COVID-19*

Sveinn Kristján segir að ekkert hafi bent til þess að fólkið væri nýkomið frá útlöndum. Um hafi verið að ræða einstakling með ís-



*Lögreglan þarf að hafa afskipti af fólki við fjölbreyttar aðstæður, nú sem áður. Mikilvægt er að fara að öllu með gát í heimsfaraldri.*

*„Við erum mjög meðvituð um hættuna og megum ekki við því að missa stóra hópa út í veikindi.“*

lenska kennitölu og bíl skráðan hér. Ekki hafi hins vegar verið allt sem sýndist og af því geti lögreglan dregið lærdóm.

„Við hertum á kröfum innanhúss hjá okkur,“ útskýrir Sveinn, spurður hvaða áhrif COVID-19 og þetta atvik hafi haft á dagleg störf innan embættisins. Í dag sé fólk ekki tekið inn í lögreglubíla að óþörfu og snertingu sé haldið í lágmarki. Ráðstafanir hafi verið gerðar sem miða að því að færri lögreglumenn noti hvern bíl. Vel sé gætt að persónubundnum smitvörnum og lögreglumenn beri hanska og grímur ef handtaka þurfi fólk. Vinnustaðnum hafi auk þess verið skipt upp í vor, þegar faraldurinn stóð sem hæst, til að minnka hættuna á stórum hópsýkingum innan lögreglunnar. „Við erum mjög meðvituð um hættuna og megum ekki við því að missa stóra hópa út í veikindi.“ Hann segir að viðbrögðin við þessu máli sem upp kom og breytt vinnubrögð með tilkomu COVID-19 sýni hversu samtakamátturinn innan lögreglunnar sé mikill.


**Ásar – þýðingar og túlkun slf.**

**Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda**

**Ása – þýðinga og túlkunar slf:**

**Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa**

Ellen Ingvadóttir, lögg. dómtúlkur og skjalaþýðandi, EU-ACI
Bjarni Gunnarsson, lögg. dómtúlkur og skjalaþýðandi
Niels Rask Vendelbjerg, lögg. dómtúlkur og skjalaþýðandi
Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi og skjáþýðandi
Matthías M. Kristiansen, þýðandi og skjáþýðandi
Daniel D. Teague, skjalaþýðandi

**Almennar og löggiltar þýðingar,**

**dóm-, skýrslutöku- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf**

Mikil starfsreynsla

**Ásar – þýðingar og túlkun slf.**

**Suðurlandsbraut 30, 4.h.- 108 Reykjavík - Sími: 897-2717 - ellening@simnet.is**


Kæru lögreglumenn
Takk fyrir að standa vaktina
arionbanki.is


VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1920-2020
– vísindi á vakt



*Verðandi lögreglumenn fylgjast áhugasamir með fyrirlestri. Mikil samkeppni er um að komast að. Myndir með grein/Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar*

# Háskólanám gerir *lögreglumenn að sérfræðingum*

***Lögreglunám á Íslandi var fært yfir á háskólastig fyrir fjórum árum. Námsfyrirkomulagið hefur verið að færast til betri vegar, að sögn forstöðumanns Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar.***

**„Í raun og veru var þetta miklu stærri breyting heldur en bara að færa námið úr Lögregluskóla ríkisins yfir í háskóla þar sem fólk sækir sér einingar. Þetta kemur til með að breyta menningu innan lögreglunnar frá a til ö.“ Þetta segir Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður Mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar, um tilfærslu á lögreglunámi yfir á háskólastig, sem gekk í gegn árið 2016. Ólafur segir að ef vel hefði átt að vera hefði meiri tíma verið varið til undirbúnings breytingarinnar og þróun námsbrautarinnar. Eftir ýmsa byrjunarörðugleika horfi námið til betri vegar. Mikið vatn hafi runnið til sjávar.**

Fjögur ár eru síðan lögreglunám á Íslandi var fært yfir á háskólastig en veturinn 2013 til 2014 var allt lögreglunám á Norðurlöndunum komið á háskólastig, þó að Danir hafi reyndar nú fært nám sitt aftur í fagskóla frá háskólastigi. „Þetta varð til þess að hér óx áhuginn á því að fylgja í þeirra fótspor,“ útskýrir Ólafur. Hann segir að náið og gott samstarf hafi verið



*Ólafur Örn Bragason.*

á milli ríkislögreglustjóraembættanna og norrænu skólastjóranna í löndunum og að vinnuhópar hafi verið skipaðir til að ræða þróun og samstarf á ýmsum sviðum. Árið 2014 hafi formlegur undirbúningur að breytingunni hér á landi hafist og starfshópur á vegum dómsmálaráðuneytisins hafi skilað skýrslu þar sem niðurstaðan var að færa ætti lögreglunám á háskólastig hér á landi. Annar hópur, sem starfaði 2015, hafi svo útfært hvernig að þessu ætti að standa. Í lok maí 2016 var svo samþykkt frumvarp á Alþingi, sem festi þetta í lög. Þann 1. júní sama ár var Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar stofnað, en setrið tilheyrir embætti ríkislögreglustjóra.

**Ákveðið nánast fyrirvaralaust**

Ólafur segir að ákvörðun um að hefja námið 2016 í Háskólanum á Akureyri hafi verið tekin tveimur vikum áður en námið átti að hefjast. Til samanburðar hafi Svíar gefið sér tvö ár í undirbúning og þróun námsins í Malmö, áður en nemendur voru teknir inn. Innan þessara

# Eftirtaldir aðilar óska

## lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

**Reykjavík**

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
Advant endurskoðun ehf
ADVEL lögmenn slf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Auglýsingastofan ENNEMM
Áman ehf
Ástund
Ber ehf
BGI málarar ehf
Bifreiðastillingar Nicolai
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Birtingur ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasala Guðfinns, frúin hlær í betri bíl
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar
Bílrúðan ehf
BK kjúklingar
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blómatorgið ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Borgarpylsur
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bón Fús
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
BSR ehf
City Car Rental
Curvy.is - tískuverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Dental stál ehf
Dómsmálaráðuneytið
Drífa efnalaug og þvottahús
Dýraspítalinn Víðidal ehf
Eðalbílar ehf
Efla Verkfræðisstofan hf
Efling stéttarfélag
Eir ehf
Englabörn
Felgur smiðja ehf
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Fínka ehf, málningarverktakar
Fjárstoð ehf
Fótógrafí ehf
Fylkir ehf
Gagnaeyðing ehf
Garðs Apótek
GÁ húsgögn ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geotek ehf
Gjögur hf
Gullsmiðurinn í Mjódd
H. Jónsson ehf, bílaréttingar og sprautun
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar
Hamborgarabúlla Tómasar - Við erum öll jöfn
Hárgreiðslustofan Aþena
Hárlausnir ehf
Hársnyrtistofan Aida
Henson sports
Herrafataverslun Birgis ehf
Herrahúsið - Adam
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá GuðjónÓ ehf
Hornið veitingastaður
Hókus Pókus ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
HR þjónustan ehf
Hreyfimyndasmiðjan
Hugvit hf
Hundahótelið á Leirum
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
IcePharma hf
Inter ehf
Íslenska Gámafélagið ehf
Íslenska lögfræðistofan
Ísmar ehf
Ís-spor ehf
Jónar Transport hf
K. H. G. Þjónustan ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kári Arnórsson ehf, byggingarverktaki
Keldan ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma
Kjöreign ehf, fasteignasala
Kjöthöllin ehf
Klettur - sala og þjónusta ehf
KOM almannatengsl
Kólus ehf
Kringlan
Kría Hjól, hjólaverkstæði og verslun
Lagahvoll slf
Lagaþing sf
LAG-Lögmenn sf
Landhelgisgæsla Íslands
Lásaþjónustan
Láshúsið ehf
Lifandi vísindi
Linde Gas ehf
Litla sendibílastöðin
LOG lögmannsstofa sf
Logoflex ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Laugavegi 3 ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Marport ehf
Matthías ehf
Málningarvörur ehf
Míla ehf
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlakaffi
Múlaradíó ehf
Mörkin Lögmannsstofa hf
Nauthóll bistro
Neytendastofa
NORDIK lögfræðiþjónusta
Nýi ökuskólinn ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
O K varahlutir ehf
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Ósal ehf
Parket og gólf
Pétur Stefánsson ehf
Pixel ehf
Plast - miðar og tæki ehf
Poulsen ehf
PricewaterhouseCoopers ehf
Profil Optik
Promennt ehf

tveggja vikna hafi 150 nemendur verið skráðir til námsins en menntasetrið hefur unnið með Háskólanum á Akureyri allar götur síðan að þróun námsins, samhliða öðrum verkefnum.

Námið í Háskólanum á Akureyri veitir ekki starfsréttindi eitt og sér, heldur er um að ræða diplómanám í löggæslufræðum; nám sem tilheyrir félagsvísindasviði. Um áramótin 2016 til 2017 hafi 50 nemendur úr þessum 150 manna hópi verið teknir inn í starfsnámið, sem ljúka þarf til að öðlast starfsréttindin. Þann hluta námsins annast Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu. Fyrstu þrjú árin voru að meðaltali um 50 nemendur teknir inn í starfsnámið en nú verða 40 nemendur teknir inn árlega.

Þeir nemendur sem komast að í starfsnáminu sækja nám hjá menntasetrinu í fjórar vikur á fyrsta ári og svo á aftur á haustönn á öðru ári. Í gegnum setrið fara nemendur einnig til lögregluembættanna og þurfa að ljúka þar um 220 vinnustundum í starfsþjálfun. Ólafur segir mikilvægt að þessum klukkustundum verði fjölgað, til að búa nemendur frekar undir það sem koma skal í starfi. Hann segir að þetta fyrirkomulag sé mikil breyting frá því sem áður var. Námið í Lögregluskóla ríkisins, sem áður hét svo, hafi verið með allt öðru sniði. Nemendur hafi verið í skólanum frá átta til fjögur auk líkamsræktar og verkefnavinnu. Nú þurfi verðandi lögreglumenn hins vegar meðal annars að ljúka kúrsum í félagsfræði og siðfræði.

### *Vilji til að lengja námið*

Ólafur segir að innan Mennta- og starfs-þróunarseturs lögreglunnar sé vilji til að lengja námið í þrjú ár, í takti við annað háskólanám og/eða lengja starfsþjálfun hjá embættunum. Þannig sé það víða á Norðurlöndunum. Innan þess þurfi starfsþjálfun að rúmast, en í Svíþjóð sé til að mynda krafa um sex mánuði í starfsþjálfun, þá í fullu starfi að háskólanámi loknu. „Við höfum sent inn tillögur um að lengja námið í þrjú ár en það mætti einnig búa til sex mánaða starfsþjálfun að loknu diplómanámi. Það getur verið óþægilegt að útskrifa fólk sem á að geta borði fulla ábyrgð í starfi eftir tveggja ára nám, án þess að fá mikla handleiðslu eða þjálfun frá starfandi lögreglumönnum,“ útskýrir hann og nefnir að starfsþjálfunin sé mikilvægur hluti ýmissa stétta svo sem hjúkrunarfræðinga. Hann bendir þó á að stór hluti þeirra sem núna eru í náminu starfi samhliða sem lögreglumenn í hlutastarfi.

Ólafur segir að námið sé orðið markvissara en það var í byrjun. Kostirnir við námið, miðað við það sem áður var boðið upp á er að um sé að ræða miklu víðari fagþekkingu. Nemendur séu auk þess nú farnir að læra sérhæfðari lögreglufræði en var á fyrstu árum



*Lögreglunemar láta ökumann blása. Myndin er uppstillt.*

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
112
EINN EINN TVEIR
olís
Opin Kerfi

námsins. Ókostirnir séu hins vegar ákveðinn ósveigjanleiki í námskrá auk þess hve tíminn sé knappur í starfsnámi og starfsþjálfun.

Hann bendir á að því fylgi ákveðnar hömlur að nemendur nemi fræðin í fjarnámi. „Lögreglunám er félagsmótandi ferli. Það getur verið erfitt að móta gildi og viðhorf verðandi lögreglumanna í fjarnámi. Það er mikilvægt að hafa samskiptaþáttinn og verklegar æfingar, eins og í öðru námi.“ Viðfangsefni lögreglu séu flókin og mikilvægt að geta rætt úrlausnir út frá siðferðislegum álitamálum, svo dæmi sé tekið. Hann nefnir að afgreiðsla lögreglumanna á vettvangi geti verið ólíkar eftir því hvort barn er á staðnum eða ekki. Slíka hluti þarf að vera hægt að ræða með ákveðinni nánd.

***Orðin eins konar háskólastofnun***

Ólafur segir að tilfærslan á lögreglunáminu yfir á háskólastig hafi verið umdeild á meðal starfandi lögreglumanna, mjög umdeild raunar. Hann segir að það megi hugsa sér að verið sé að breyta lögreglunni í ákveðið háskólasjúkrahús. „Það var ekki mikið pælt í því í byrjun, hvernig lögreglan ætti að breytast í slíka stofnun. Og þá á enn eftir að ræða þá hluti til enda.“ Hann segist ekki betur sjá en að einblínt hafi verið á þessa breytingu á menntuninni án þess að fylgja því eftir innan lögreglunnar. „Lögreglan er vanbúin varðandi fjármagn, til að breyta strúktúrnum hjá sér, til að mæta þessum breytingum.“ Hann nefnir að til að lögreglan geti staðið undir þessu nýja hlutverki sínu, að þurfi að koma til svigrúm innan hennar til rannsókna, gagnaöflunar og annarra þátta sem fylgi akademískum vinnubrögðum.

Lögreglumenn skrifuðu undir kjarasamning nýlega. Spurður hvort lögreglumenn njóti þess í launaumslaginu að hafa menntað sig svarar Ólafur því til að það hafi vantað. „Þetta hefur ekkert komið inn í launaumhverfið,“ segir hann og heldur áfram. „Sumir ljúka BA-prófi og aðrir meistaraprófi. Við erum með þessari breytingu að gera lögreglustarfið að sérfræðistarfi.“ Lögreglan hafi hins vegar aldrei greitt aukalega fyrir menntun. „Varðstjóri sem lauk námi hjá lögreglustjóra ríkisins og hefur starfað í 20 ár er á sömu launum og varðstjóri sem hefur meistarapróf í lögfræði. Þetta vigtar ekkert. Við þurfum að skoða hvernig framtíðarskipulagið á að vera hvað þetta varðar.“

***Metaðsókn og mikil samkeppni***

Eins og áður segir eru um 40 nemendur teknir inn í starfsnámið á hverju ári. Aðsóknin í lögreglunámið hefur aftur á móti aldrei verið meiri. Núna í haust sóttu 250 manns um




*Hlúð að slösuðum á æfingu.*

námið en af þeim voru um 80 sem stóðust allar kröfur. „Þetta gerir það að verkum að við erum að fá mjög gott fólk,“ segir hann um stöðu mála. Af þessum 80 fær aðeins helmingur inngöngu í starfsnámið. Það er byggt á frammistöðu á fyrstu önninni við Háskólann á Akureyri, árangri á þrekprófi, sálfræðiprófi, ritunarprófi fyrir skýrslugerð og svo viðtali hjá inntökunefnd. Við þetta mun svo bætast ákveðið samskiptaverkefni, sem á að draga fram hæfni umsækjenda til að vinna saman. Hann segir fyrirmyndina hvað þetta fyrirkomulag varði sótta til Norðmanna og Finna.

Það eru því margir sem þurfa frá að hverfa um hver áramót. Ólafur segir að oft á tíðum sé lítill munur á milli þess sem er númer 40 í röðinni og 41 í Excel-skjalinu þar sem árangur fólks sé lagður saman. Með núverandi fyrirkomulagi sé óhjákvæmilegt að tíma margra sé sóað. Sumir flytji jafnvel á milli landshluta til að sinna náminu, eða segi upp vinnum. Í slíkum tilvikum sé blóðugt að komst ekki að. Hann segir mörg dæmi um að þeir sem ekki komist í starfsnámið reyni aftur síðar en að margir færi sig yfir á aðrar námsbrautir, eða hætti í námi.

Þetta stendur hins vegar til bóta. Frá og með næsta hausti, 2021, verða nemendurnir 40 valdir strax um haustið. Þeir sem ekki komist í þann hóp geti því farið í eitthvað annað, án þess að sóa tíma sínum og peningum. Ólafur segir að það verði mjög jákvætt skref. „Þróunin er því í rétta átt,“ segir hann um lögreglunámið. „Ég hefði að sjálfsögðu vilja að fyrstu tveir árgangarnir hefðu fengið meiri gæði í sínu námi. Ég held að þetta hafi verið mjög krefjandi tími fyrir þau en þetta er sem betur fer að breytast til hins betra.“

Hann segir ánægjulegt að finna fyrir svona miklum áhuga á starfinu. „Áhugi fólks er að aukast enda er lögreglustarfið heillandi og spennandi. En það er grjóthörð samkeppni um að komast að.“




*Verðandi lögreglumenn þurfa að takast á við ýmis verkefni sem munu nýtast þeim í starfi.*

Air Iceland Connect
Akureyrarbær
VÍNBÚÐIN
Brasserie
ASKUR
SINCE 1966
SUDURLANDSBRAUT 4

# Eftirtaldir aðilar óska
## lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Prófílstál ehf
Rafiðnaðarsamband Íslands
Raflax ehf
Rafsvið sf
Rafval sf
Rafþjónustan slf
Rásin sf, rafverktaki
Regla ehf
Reki ehf
Reykjavíkurborg
Rikki Chan ehf
Rima Apótek
Samsýn ehf
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja-SSF
Seljakirkja
Sendibílar og hraðþjónusta ehf
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur
SM kvótaþing ehf
SOS tölvuhjálp, s: 777 0003
Sprinkler pípulagnir ehf
Stálbyggingar ehf
STEF Samband tónskálda og eigenda
Stjörnuegg hf
Stólpi
Styrja ehf
Suzuki á Íslandi
Sveinsbakarí
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
Söluturninn Vikivaki
TBG ehf
THG Arkitektar ehf
Topplagnir ehf
Tónastöðin ehf
TREX-Hópferðamiðstöðin
Trésmiðjan Jari ehf
Trévirki ehf
Umbúðamiðlun ehf
Úðafoss ehf, efnalaug
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf
Varmi ehf
VDO ehf
Veitingahúsið Lauga-Ás
Velmerkt ehf
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verkfærasalan ehf
Verslunin Vínberið
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Við og Við sf
Vilberg kranaleiga ehf
Virkjun ehf
Vitabar, veitingahús
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
VOOT Beita
Vottunarstofan Tún ehf,
vottun sjálfbærra náttúru nytja
VT þjónustan ehf
Vörubílastöðin Þróttur hf
Wurth á Íslandi ehf
Þ.B. verktakar ehf
Þór hf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Ökuskólinn í Mjódd ehf
Örninn - hjól

**Seltjarnarnes**

Horn í horn ehf, parketlagnir
Ljósmyndastofa Erlings

**Vogar**

Nesbúegg ehf

Kópavogur
Alhliða pípulagnir sf
Arnardalur sf
Ásborg slf
Baader Ísland ehf
Bak Höfn ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Bílaklæðningar hf
Bílamarkaðurinn
Bílhúsið ehf
Bílstál ehf
Blikkarinn ehf, blikksmiðja
Blikksmiðjan Vík ehf
Brunabótafélag Íslands
BSA varahlutir ehf
dk hugbúnaður ehf-www.dk.is
Elva Björk Sigurðardóttir, tannlæknir
Fatahreinsun Kópavogs
GG Sport
H. Hauksson ehf
H.M.lyftur ehf
Hagblikk ehf
Hefilverk ehf
Heildverslun B.B. ehf
Hringás ehf
Hvellur-G. Tómasson ehf
Höll ehf
Iðnaðarlausnir ehf
Init ehf
Íslenskt marfang ehf
Ísnes ehf, heildverslun
Kambur ehf
Kjöthúsið ehf
Kraftvélar ehf
Lakkskemman ehf
Laugin ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lín design
LK pípulagnir ehf
Loft og raftæki ehf
Málarameistarar ehf
MHG verslun ehf
Ólafssynir ehf
Pústþjónusta Bjarkars ehf
RadioRaf ehf
Rafmiðlun hf
Rafvirkni ehf
Reykofninn ehf-www.reykofninn.is
S.Þ. verktakar ehf
Saumastofa Súsönnu
Suðurverk hf
Teledyne Gavia ehf
Tengi ehf
Tern Systems ehf
Tröllalagnir ehf, pípulagningaþjónusta
Vatnsborun ehf
Vinnuvernd ehf
Zenus - sófar & gluggatjöld

**Garðabær**

66° Norður
AÞ-Þrif ehf
Elektra ehf
Garðabær
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Hagráð ehf




# *Óttast fjölgun hryðjuverka á komandi árum*

*– Tilkynnt var um 119 hryðjuverkaárásir innan Evrópusambandsins í fyrra*

*– Flestar árásirnar af hálfu jihadista og öfga-hægrimanna.*

**Hundrað og nítján hryðjuverkaárásir voru tilkynntar í þrettán aðildarríkjum Evrópusambandsins árið 2019. Talan endurspeglar árásir sem heppnuðust, misheppnuðust og árásir sem voru stöðvaðar. Frá þessu er greint í skýrslu Europol fyrir Evrópusambandið um hryðjuverk, sem birt var í sumar. Þar kemur fram að mesta hryðjuverkaógnin innan Evrópusambandsins stafi af jihadistum og hryðjuverkamönnum sem aðhyllast öfga-hægristefnu.**

Skýrsluhöfundar óttast að tíðni hryðjuverka kunni að aukast í Evrópu þegar Evrópubúar í Írak og Sýrlandi, með tengsl við Íslamska ríkið, halda heim á leið. Fram kemur að hundruð evrópskra ríkisborgara séu enn í þessum löndum. Dæmi séu um að aðstæður hafi myndast innan evrópskra fangelsa þar sem jihadistar hafa náð að smita samfanga sína af róttækum hugmyndum, sem skapað geta vandamál þegar þeir losna úr haldi.

Þá óttast skýrsluhöfundar að efnahagsleg áhrif kórónuveirufaraldursins geti kynt undir



### Hryðjuverkaárásir síðustu þriggja ára

Árásir sem heppnuðust, misheppnuðust eða komið var í veg fyrir

| | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| Jihadistar | 21 | 24 | 33 |
| Hægri-öfgasinnar | 6 | 1 | 5 |
| Vinstri-öfgasinnar | 26 | 19 | 24 |
| Þjóðernis- og aðskilnaðarhreyfingar | 57 | 83 | 137 |
| Stök tilfelli | 3 | 1 | 0 |
| Ótilgreint | 6 | 1 | 6 |
| Samtals | 119 | 129 | 205 |

Heimild: Europol

róttækni einstaklinga og hópa, og aukið hættu á hryðjuverkaárásum, óháð hugmyndafræðilegum bakgrunni.

### *Ungir menn á sakaskrá oftast gerendur*

Heildarfjöldi árása í fyrra dróst saman frá árunum á undan. Það er rakið til þess að árásum tengdum þjóðernis- eða aðskilnaðarhreyfingum fækkaði, meðal annars á Spáni og í Frakklandi. Þrátt fyrir þá fækkun var stærsta hlutfall tilkynntra árása tengt slíkum hreyfingum. Af 119 hryðjuverkaárásum í fyrra voru 57 úr þeim ranni. Athugið að þrátt fyrir þann fjölda er ógnin talin meiri af jihadistum og öfga-hægrihópum, eins og fram kemur hér að framan.

Fjölgun varð á árásum frá lýðveldissinnum á Norður-Írlandi og öðrum jaðarhreyfingum víða um álfuna. Í skýrslunni segir að flestar árásirnar 2019 hafi verið framdar af mönnum á aldrinum 16 til 28 ára, af mönnum á sakaskrá, sem fæddir eru innan Evrópusambandsins.

### *Tíu féllu*

Í þessum 119 hryðjuverkaárásum voru tíu manns drepnir. Tuttugu og sjö slösuðust. Ríflega þúsund einstaklingar voru handteknir vegna gruns um aðild að hryðjuverkum, flestir í Belgíu, Frakklandi, Ítalíu, Spáni og Bretlandi. Flestir voru handteknir á Bretlandseyjum, 281, en 224 voru handteknir í Frakklandi.

Eins og áður segir fjölgaði öfga-hægrihryðjuverkum á milli áránna 2018 og 2019. Öfga-hægrihryðjuverk voru sex árið 2019 en eitt árið á undan. Í skýrslunni segir að auk þessara tilvika hafi verið framdar öfga-hægriárásir á Nýja-Sjálandi, í Bandaríkjunum, í Noregi og í Þýskalandi þar sem gerendur voru hluti af alþjóðlegum samfélögum á netinu, og hafi sótt innblástur hver til annars. Öfga-vinstriárásum fjölgaði einnig árið 2019 og voru þær bundnar við Grikkland, Ítalíu og Spán. Þær árásir voru 26 talsins samanborið við 19 árið á undan. Árásirnar voru yfirleitt tengdar ofbeldisfullum mótmælum og átökum við lögreglu.

Í skýrslunni segir að öll dauðsföllin (10) og meiðslin (27) í hryðjuverkaárásunum 2019 hafi orðið fyrir tilstuðlan jihadista. Þegar litið er á atvik utan Evrópusambandsins kemur í ljós að 17 ríkisborgarar ríkja í Evrópusambandinu létust í hryðjuverkaárásum. Það var í árásunum á Sri Lanka að morgni páskadags, 21. apríl 2019, þar sem fjölmargir týndu lífi.



# Hvað er Europol?

**Evrópska lögregluskrifstofan (e. European Police Office, EUROPOL) er löggæsla Evrópusambandsins. Hlutverk hennar er að aðstoða aðildarríkin við að uppræta alþjóðlega glæpastarfsemi. Lögregluskrifstofan vinnur einnig náið með löggæsluyfirvöldum í ríkjum sem ekki eru aðildarríki Evrópusambandsins, svo sem Kanada, Ástralíu, Bandaríkjunum og Íslandi.**

**Evrópska lögregluskrifstofan hefur ekki handtökuvald en aðstoðar ríkin við að afla, greina og miðla upplýsingum sem tengjast alþjóðlegri glæpastarfsemi.**

Innan evrópsku lögregluskrifstofunnar starfa 145 tengiliðir (e. Europol Liasion Officers, ELOs) frá öllum samstarfsríkjum hennar. Eru þeir fulltrúar sinna löggæsluyfirvalda og starfa innan lagaramma síns heimaríkis. Tengiliðirnir sjá um samskipti lögregluskrifstofunnar við samstarfsríkin.

Þann 1. janúar 2010 varð evrópska lögregluskrifstofan fullgild stofnun en hún hafði þá starfað frá árinu 1995. Núverandi forstjóri er Catherine De Bolle frá Belgíu. Höfuðstöðvar lögregluskrifstofunnar eru í Haag í Hollandi.

*- Byggt á grein á Evrópuvefnum.*



*Catherine De Bolle er forstjóri Europol.*



# Eftirtaldir aðilar óska

## lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Hannes Arnórsson ehf
Húsamálun ehf
Kópavogspósturinn ehf
Krókur
Loftorka Reykjavík ehf
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
S.S. Gólf ehf
Samhentir-Kassagerð hf
Scanmar á Íslandi ehf
Val - Ás ehf
Versus bílaréttingar og málun
Öryggisgirðingar ehf

### Hafnarfjörður

Aflhlutir ehf
Altis ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Bortækni ehf
Danco - Daníel Pétursson ehf
Donna ehf
Firring ehf
Fjarðarmót ehf
Flúrlampar ehf
Fura málmendurvinnslan ehf
G. Ingason hf
G.S. múrverk ehf
Geymsla Eitt ehf
Hafnarfjarðarhöfn
Hagtak hf
HB búðin
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf,
malbikunarstöð
IRobot, verslun
Ísfell ehf
Kjötkompaní ehf
Lögafl - lögmannsstofa
Lögmenn Thorsplani sf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Naust Marin
Nonni Gull
Rafgeymasalan ehf
Rúnir verktakar ehf
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Stál og suða ehf
Stokkhylur ehf
Strendingur ehf
Tannlæknastofa
Harðar V Sigmarssonar sf
Terra ehf
ThorShip
Trefjar ehf
Trésmiðjan okkar ehf
Úthafsskip ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf
Vélsmiðjan Altak ehf
Víking Björgunarbúnaður
Þaktak ehf

### Reykjanesbær

Bókhalds- og rekstrarþjónusta Gunnars
Þórarinssonar
Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Hótel Keflavík ehf
Kostur matvöruverslun
Lögmannsstofa Reykjaness
Maron ehf
Málverk slf
PA hreinsun ehf,
hreingerningarþjónusta
Plexigler ehf
Rétt sprautun ehf
Rörlagningamaðurinn ehf
Rörvirki sf, Lúðvík Gunnarsson
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
SB Trésmíði ehf
Skólar ehf
Smur- og hjólbarðaþjónustan ehf
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
Verslunin Kóda

### Grindavík

Bakaríið Hérastubbur ehf
Einhamar Seafood ehf
Grindavíkurbær
Lagnaþjónusta Þorsteins ehf
TG raf ehf
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Vélsmiðja Grindavíkur ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

### Sandgerði

Verk- og tölvuþjónustan ehf

### Garður

Aukin Ökuréttindi ehf
Suðurnesjabær

### Mosfellsbær

Álgluggar JG ehf
bilalokkun.is
Gylfi Guðjónsson ökukennari, s: 6960042
Kjósarhreppur
Kopar & Zink ehf
Mosfellsbakarí
Nonni litli ehf
Rafís ehf
Sleggjan þjónustuverkstæði ehf
Smíðastofa Sigurðar R. Ólafs ehf
Spíssar ehf - stífluþjónusta
Útilegumaðurinn ehf
ÞÓB vélaleiga ehf

### Akranes

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Framvinda ehf
Smurstöð Akraness sf
Valfell fasteignasala
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Viðar Einarsson ökukennsla ehf
Ylur pípulagnir slf

### Borgarnes

Bílabær sf, bifreiðaverkstæði
Borgarbyggð
Borgarverk
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf
Golfklúbbur Borgarness
Háskólinn á Bifröst
Kaupfélag Borgfirðinga
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið
Borgarness sf
Trésmiðja Pálma ehf
Hálsaskóg Skorradal
Verkalýðsfélag Vesturlands

### Stykkishólmur

Skipavík ehf

### Grundarfjörður

Þjónustustofan ehf







ÍSLENSK ERFÐAGREINING
ÍAV
LOPI
KFC
Kjörís
KPMG | KPMG Lögmenn
LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
Landsvirkjun
World Class ICELAND
Lykill fjármögnun
Loður
FORTIS Lögmannsstofa

# Eftirtaldir aðilar óska

## lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

**Ólafsvík**
Litlalón ehf
TS Vélaleiga ehf
Þrif og þjónusta ehf

**Hellissandur**
Esjar ehf
Nónvarða ehf
Snæfellsbær

**Búðardalur**
Rafsel Búðardal ehf

**Reykhólahreppur**
Þörungaverksmiðjan hf

**Ísafjörður**
Bílasmiðja S.G.B. ehf
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
GG málningarþjónusta ehf
Ís 47 ehf
Ísblikk ehf
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Póllinn ehf
SMÁ vélaleigan

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Jakob Valgeir ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur

**Patreksfjörður**
Bifreiðaverkstæðið Stormur ehf.
Bílaverkstæðið Smur- og dekk

**Tálknafjörður**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Tálknafjarðarhreppur
Þórsberg hf

**Þingeyri**
Brautin sf

**Staður**
SG verkstæði ehf

**Hvammstangi**
Húnaþing vestra

**Blönduós**
Glaðheimar sumarhús-opið allt árið
Húnavatnshreppur
Pöntunar og viðgerðarþjónusta Villa ehf
Stéttarfélagið Samstaða

**Skagaströnd**
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf

**Sauðárkrókur**
Efnalaug og þvottahús
Háskólinn á Hólum
Skagafjarðarveitur
Steypustöð Skagafjarðar
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Akureyri**
Betra brauð veislubakstur
Bifreiðastöð Oddeyrar ehf
Bílapartasalan Austurhlíð
Bílasala Akureyrar ehf
Dekkjahöllin
Finnur ehf
Framtal sf
Garðyrkjustöðin Brúnalaug
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf-www.rettarholl.is
Herradeild JMJ
Hvítspói, art studio
Íslensk verðbréf hf
Kjarnafæði hf
Kraftar og afl ehf
Kraftbílar ehf
Ljósco ehf
Meðferðarheimilið Laugalandi
Polynorth ehf
Pólarhestar ehf
Rafeyri ehf
Rakara- og hárstofan Kaupangi
S.S. byggir ehf
Samvirkni ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Slippurinn Akureyri ehf
Svalbarðsstrandarhreppur
Veitingastaðurinn Krua Siam
Verkval ehf

**Grenivík**
Grýtubakkahreppur
Sparisjóður Höfðhverfinga

**Grímsey**
Vélaverkstæði Sigurðar Bjarnasonar ehf

**Dalvík**
EB ehf
Klaufi ehf
Steypustöðin Dalvík ehf
Sæplast Iceland ehf

**Ólafsfjörður**
Skiltagerð Norðurlands ehf

**Húsavík**
Ferðaþjónustan Brekku ehf
Steinsteypir ehf
Trésmiðjan Rein ehf

**Kópasker**
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

**Þórshöfn**
B.J. vinnuvélar ehf
Geir ehf

**Egilsstaðir**
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstadir
Héraðsprent ehf
Rafey ehf
Sænautasel ehf
Vaðall - Gistiheimili á hreindýraslóðum
Ökuskóli Austurlands sf

**Seyðisfjörður**
Seyðisfjarðarkaupstaður

**Borgarfjörður**
Fiskverkun Kalla Sveins og Álfacafé



*Frá vinstri: Jóhann, Jón og Óskar.*

*Athugasemd: Í síðasta tbl. í greininni Heiðursmerki ÍSL var umfjöllun um Gísla Þorsteinsson sem þarfnast uppfærslu og kemur því öll umfjöllunin um Gísla hér aftur.*

## Gísli Þorsteinsson

Gísli varð Norðurlandameistari í júdó í Malmö 1978 í 86 – 95 kg flokki og Helsinki 1982 í 86kg flokki. Hann hefur tekið þátt í 5 NPM- og EPM-mótum. Hann náði þriðja sæti á EPM í júdó í Göppingen í V.-Þýskalandi 1984 í 78 – 86 kg flokki. Gísli hefur einu sinni farið sem þjálfari á EPM í júdó. Gísli var með í kynnisferðinni á EPM í skotfimi 1983 í Vingsted Center á Jótlandi í Danmörku. Hann keppti á NPC í skotfimi í Tallinn í Eistlandi 2016. Hann hefur tekið þátt í landsmótum í nær öllum þeim greinum sem við höfum landsmót í og er enn að á landsmótum í golfi. Gísli hefur fengið brons- og silfurmerki ÍSL.

# Ísland tekur við formennsku í NPSA

Þing Norræna lögregluíþróttasambandsins, NPSA, fór fram í Kaupmannahöfn 9. – 12. maí 2019. Þingið sóttu f.h. ÍSL þeir Óskar Bjartmarz, Jóhann Karl Þórisson og Jón S. Ólason. Engin stórmál voru á dagskrá en samþykkt var tillaga frá ÍSL um að taka upp skotfimi með þjónustuvopni. Stefnt er að því að í fyrsta skipti verði keppt með þjónustuvopni á NPC í skotfimi á Íslandi 2020. Ísland tók við formennsku í sambandinu og er Óskar Bjartmarz formaður, Jóhann Karl Þórisson er formaður tækninefndar og Jón S. Ólason er ritari beggja stoðanna. NPSA verður 50 ára í desember á þessu ári og lýsti ÓB yfir því að stefnt yrði að því að halda upp á afmælið í desember á Íslandi.

***Óskar Bjartmarz***

park inn by Radisson
REYKJAVIK KEFLAVIK AIRPORT
Domino's
RÚM
Marc O'Polo

# Öldungamót í innanhússknattspyrnu 2018



*Lið sigurvegaranna, LVV.*

**Dagana 8.-9. mars 2019 fór fram Öldungamót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu í Síðuskóla á Akureyri. Þetta mót átti að halda árið 2018 en tafðist vegna skoðunar á að halda mótið innanhúss á gervigrasi. Til leiks mættu fimm öflug lið. Fyrir mótið voru ákveðnar tilfærslur og mætti meðal annars eitt sameiginlegt lið. Það var lið sem á endanum var nefnt LVV, (LRH/Vesturland/Vestfirðir).**

Þau lið sem mættu til leiks að þessu sinni voru LVV, LRH-umferðardeild, Héraðssaksóknari, Suðurnes og Norðurland eystra. Vakti það eftirtekt að Norðurland eystra mætti með lið en svo hefur ekki verið undanfarið ár. Spiluð var einföld umferð og þar með fékk hvert lið 4 leiki.

Úrslit mótsins voru að lið LVV stóð uppi sem sigurvegari eftir að hafa sigrað LRH-umferðardeild í þriðja síðasta leik mótsins en þessi tvö lið voru í mikilli baráttu í mótinu. LVV endaði með 8 stig, LRH-umferðardeild 6 stig, Héraðssaksóknari 4 stig, Suðurnes 1 stig og Norðurland 0 stig. Markakóngur mótins var Jón Arnar Sigurþórsson í liði LVV með 9 mörk en hann var einnig kosinn leikmaður mótsins af liðunum.

Verðlaunaafhending fór fram á efri hæð Íþróttahallar Akureyrar og þar myndaðist góð stemming. Áfram er rætt um að prófa að halda mótið á gervigrasi en þó á litlum velli til að viðhalda þeirri stemmningu sem innanhússmótum fylgir.

*Haraldur Hringsson*



*Jón Arnar Sigurþórsson ásamt Óskari Bjartmarz.*

**Markaskorun:**

| | |
|---|---|
| Jón Arnar Sigurþórsson | 9 |
| Jónatan Guðbrandsson | 7 |
| Þórður Rafn | 7 |
| Pétur Már Sveinsson | 3 |
| Kristmundur Kristjánsson | 3 |
| Sveinn Ingib. Magnússon | 3 |
| Ólafur Örvar | 3 |

Lokastaða

| Sæti | Lið | leikja | U | J | T | skoruð | fengin | net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | LVV* | 4 | 4 | 0 | 0 | 28 | 10 | 18 | 8 |
| 2 | LRH-Umfd | 4 | 3 | 0 | 1 | 22 | 8 | 14 | 6 |
| 3 | Héraðssaks. | 4 | 2 | 0 | 2 | 19 | 15 | 4 | 4 |
| 4 | Suðurnes | 4 | 1 | 0 | 3 | 11 | 21 | -10 | 1 |
| 5 | Norðurland | 4 | 0 | 0 | 4 | 3 | 29 | -26 | 0 |

# Landsmót lögreglunnar
## í innanhússknattspyrnu 10. maí 2019

Sex lið voru skráð til leiks, Suðurnes, RLS með tvö lið og LRH með þrjú lið. Leikið var í íþróttahúsinu við Austurberg í Breiðholti. Setningarleikur mótsins var á milli LRH 2 og RLS/Öldungaliðs og gaf sá leikur góð fyrirheit fyrir það sem var í vændum en margir leikir voru hörkuspennandi.

Hart var barist á köflum og keppendum misheitt í hamsi en þó var gleðin í fyrirrúmi. RLS 1 stóð uppi sem sigurvegarar, LRH2 voru í öðru sæti og RLS/Ob í þriðja sæti. Þá hlaut Birgir Hilmarsson (RLS-öldungur) þann vafasama titil tuðari mótsins og Ásmundur Rúnar Gylfason hlaut verðlaunin pappakassi mótsins.

Guðni Páll (LRH 2) og Jóhann Örn (RLS 1) voru markahæstir með 10 mörk. Ólafur Jónsson (RLS 1) var kosinn maður mótsins. LRH konur fengu svo verðlaun fyrir prúðasta liðið.

*Jóhann Örn Guðbrandsson*

**Lokastaða**

| | L | T | J | U | Mörk | Marka-hlutfall | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| RLS | 5 | 0 | 0 | 5 | 29:7 | 22 | 15 |
| LRH 2 | 5 | 1 | 0 | 4 | 16:15 | 1 | 12 |
| RLS old boys | 5 | 2 | 1 | 2 | 12:6 | 6 | 7 |
| Suðurnes | 5 | 3 | 1 | 1 | 9:22 | -13 | 4 |
| LRH 1 | 5 | 3 | 1 | 1 | 13:18 | -5 | 4 |
| LRH konur | 5 | 4 | 1 | 0 | 8:18 | -10 | 1 |




*Liðsmenn RLS sigurreifir með bikarinn.*

# Eftirtaldir aðilar óska

## lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

### Reyðarfjörður
AFL - Starfsgreinafélag
Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi
Hárstofa Sigríðar ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

### Eskifjörður
Egersund Ísland ehf
Fjarðaþrif ehf
Kaffihúsið Eskifirði
Réttvísi ehf lögmannsstofa
Tandrabretti ehf

### Neskaupstaður
Haki ehf verkstæði
Síldarvinnslan hf

### Fáskrúðsfjörður
Kaffi Sumarlína ehf
Vöggur ehf

### Höfn í Hornafirði
H. Christensen ehf
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf
Rósaberg ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Þrastarhóll ehf

### Selfoss
Árvirkinn ehf
Baldvin og Þorvaldur ehf
Báran stéttarfélag
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílaþjónusta Péturs ehf
Bílverk BÁ ehf, bílamálun og bílaréttingar
Bjarnabúð
BR flutningar ehf, Selfossi s. 662 1110
Búhnykkur sf
Eðalbyggingar ehf
Flóahreppur
Fossvélar ehf
Hjá Maddý ehf
Jáverk ehf
Jeppasmiðjan ehf
K.Þ Verktakar ehf
Kökugerð H P ehf
Lindin tískuverslun
Lögmenn Suðurlandi ehf
Málarinn Selfossi ehf
Mjölnir, vörubílstjórafélag
Mömmumatur Selfossi
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Reykhóll ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Súperbygg ehf
Umboðssalan Art ehf
Vélaverkstæði Þóris ehf
Vélaþjónusta Ingvars
Vélsmiðja Suðurlands ehf
X5 ehf

### Hveragerði
Almar Bakari
Flóra garðyrkjustöð
Hverablóm ehf blóma- og gjafavöruverslun
Raftaug ehf

### Þorlákshöfn
Járnkarlinn ehf

### Ölfus
Dýralæknaþjónusta Suðurlands
Garpar ehf

### Laugarvatn
Ásvélar ehf

### Flúðir
Ferðaþjónustan Ásatún
Flúðasveppir ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis
Kaffi-Sel ehf

### Hella
Freyðing ehf

### Hvolsvöllur
Ferðaþjónusta bænda Stóru-Mörk

### Vestmannaeyjar
Áhaldaleigan ehf
Bílaverkstæði Sigurjóns
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
Íþróttabandalag Vestmannaeyja
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Miðstöðin ehf
Ós ehf
Suðurprófastdæmi
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
Vestmannaeyjabær

netto

Rekstrarvörur
– fyrir þig og þinn vinnustað
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is
RV

Samiðn
SAMBAND IÐNFÉLAGA

vörður

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN

# Evrópumót lögreglumanna í júdó 2019

**Fimmtánda Evrópumót lögreglumanna í júdó var haldið í Györ í Ungverjalandi dagana 10. til 12. maí 2019. Íþróttasamband lögreglumanna hugðist senda tvo keppendur til mótsins, þá Bjarna Skúlason og Jón Kristin Þórsson, margreynda júdókappa og lögreglumenn í sérsveit ríkislögreglustjóra, en Jón Kristinn heltist því miður úr lestinni á lokametrum undirbúningsins og var Bjarni því eini keppandi okkar á mótinu. Með honum í för voru þeir Arnar Marteinsson, liðsstjóri og undirritaður sem fararstjóri.**

Bjarni Skúlason hóf júdóferil sinn fyrir um þremur áratugum og var atvinnumaður í greininni frá 1999 til 2004. Hann hefur unnið nokkra Íslandsmeistaratitla í júdó, sjö sinnum orðið Norðurlandameistari og náði mjög góðum árangri eða níunda sæti á heimsmeistaramótinu í Osaka í Japan árið 2003. Bjarni hefur starfað í lögreglunni frá árinu 2005, lengst af í sérsveit ríkislögreglustjóra. Hann hóf undirbúning sinn fyrir Evrópumótið af krafti í upphafi ársins með lyftingum, júdóæfingum og fl. hjá Júdófélagi Reykjavíkur.

Júdóferðin hófst með þægilegu flugi Wizz Air til Búdapest fimmtudaginn 9. maí. Eftir komuna til Búdapest beið okkar um tveggja stunda akstur til borgarinnar Györ sem er vestarlega í Ungverjalandi eða miðja vegu á milli Búdapest og Vínarborgar. Györ er falleg og vinaleg borg sem byggð er árbökkum ánna Rába, Rábca og Mosoni Duna sem allar sameinast og renna síðan í Dóná. Margar fallegar brýr skreyta borgina. Györ er sjötta stærsta borg Ungverjalands með um 130 þúsund íbúa.

Mótið var haldið í Olympic Sport Park í Györ, sem byggt var fyrir 14. evrópsku unglingaólympíuleikana sem haldnir voru í Györ árið 2017. Um er að ræða stóra og mjög glæsilega íþróttaaðstöðu sem byggð er á um 8 hektara landi með tveimur flottum grasvöllum með hlaupabrautum og fullkominni frjálsíþróttaaðstöðu. Ungverjar eiga mikið hrós skilið fyrir hvernig þeir stóðu að mótinu. Allt sem þeir gerðu og buðu upp á var eins og best verður á kosið. Ungverjar eru mjög þjónustulundaðir, þeir buðu upp á fyrsta flokks aðstæður, ákaflega góðan mat og lokahófið var mjög veglegt og höfðinglega veitt, en hófið var haldið í anddyri íþrótta-hússins sem jafnframt er mjög flottur veitingasalur. Gist var á mjög góðu hóteli í miðborg Györ, Hótel Rába, sem er aðeins í um 10 mínútna göngufæri frá íþróttahúsinu og það tók um 5 mínútur að aka þar á milli.




*Frá vinstri: Hálfdán, Arnar og Bjarni.*

Keppendur á mótinu voru 159, bæði karlar og konur frá 16 Evrópulöndum, þar af tveimur Norðurlöndum, Íslandi og Danmörku. Keppt var í sjö þyngdarflokkum, bæði karla og kvenna, auk tveggja þyngdarflokka í liðakeppni kvenna og þriggja þyngdarflokka í liðakeppni karla.

Júdómótið sem var mjög sterkt fór vel fram og voru Þjóðverjar sigursælastir á mótinu með sex Evrópumeistaratitla, Rússar og Frakkar hvor um sig með þrjá titla og Hvít-Rússar og Búlgararhvorir með sinn Evrópumeistaratitilinn.

Okkar maður glímdi í -100 kg flokki og glímdi fyrst við Búlgarann Boris Georgiev en tapaði naumlega fyrir Boris sem varð síðan Evrópumeistari í þyngdarflokknum. Bjarni fékk síðan uppreisnarglímu við Rússann Urii Panasenkov en tapaði þeirri glímu einnig mjög naumlega. Urii endaði í fimmta sæti í -100.

Fyrir hönd ÍSL þakka ég þeim Bjarna Skúlasyni fyrir þátttökuna og aðstoðarmanni hans Arnari Marteinssyni fyrir hans framlag.

*Hálfdán Daðason.*

sensa
SJÓVÁ
SMÁRALIND
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

# Frækin frammistaða kvennanna



*Eins og sjá má var kvennaliðið vel skipað, enda var árangurinn í samræmi. Mynd/Aðsend.*

**Norðurlandamót lögreglumanna í knattspyrnu 2019 fór fram í Tallinn í Eistlandi 9. – 14. júní. Eistar urðu aðilar að norræna sambandinu árið 2015 og er þetta í annað skiptið sem þeir halda NPC en áður hafa þeir haldið NPC í skotfimi.**

Í fyrsta skipti mættum við með kvennalið frá Íslandi. Í upphafi var ekki gert ráð fyrir að við myndum taka þátt í kvennaflokki. Að frumkvæði knattspyrnukvenna innan lögreglunnar var stjórn ÍSL bent á að það væru margar knattspyrnukonur í lögreglunni í dag. Eftir að hafa skoðað málið var ákveðið að senda einnig kvennalið.

Stjórn ÍSL réð Þormóð Egilsson fyrrum lögreglumann sem þjálfara fyrir bæði karla- og kvennaliðið. Hann hefur séð um þjálfun karlaliðsins á síðustu NPC-mótum.

Undirbúningur hófst í mars og voru flestar æfingarnar ætlaðar bæði körlum og konum saman. Þetta hafði sína kosti og galla en í heildina held ég að þetta hafi gefist vel.

Hópurinn var því stór sem hélt til Eistlands. Kolbrún Ýr Jósefsdóttir, Soffía Ummarin Kristinsdóttir, Stefanía Pálsdóttir, Ruth Þórðardóttir, Selma Dögg Björgvinsdóttir, Birna Blöndal Sveinsdóttir, Ýr Steinþórsdóttir, Aníta Björk Axelsdóttir, Þóra Björk Þorgeirsdóttir, Katrín Ýr Árnadóttir, Steinunn I. Jóhannesdóttir, Hildigunnur Jónasdóttir, Ragnhildur Oddný Loftsdóttir, Katrín Vilhjálmsdóttir, Arnfríður Gígja Arngrímsdóttir, Hildur Hörn Orradóttir, Elín Hrafnsdóttir og Sólveig Sverrisdóttir. Kjartan Örn Yeoman, Egill Egilsson, Indriði Hrannar Blöndal, Sveinn Elí Þorvaldsson, Sigurður Ingi Grétarsson, Jóhann Örn Guðbrandsson, Júlíus Orri Óskarsson, Christopher Þórarinn Anderiman, Sveinbjörn Magnússon, Friðrik Elí Bernhardsson, Andri Fannar Helgason, Arnar Geir Magnússon, Kristmundur Kristjánsson, Konráð Þorleifsson, Kristján Freyr Geirsson, Hreinn Júlíusson, Halldór Björn Malmberg og Árni Freyr Geirsson. Þjálfari eins og áður segir Þormóður Egilsson, liðsstjórar Kjartan Ægir Kjartansson, Hafdís Björk Albertsdóttir, Ólafur Örvar Ólafsson og Magnús Vignir Guðmundsson. Óskar Bjartmarz var fararstjóri.

**Ísland – Eistland, karlar**

Fyrir fram var þetta sá leikur sem við töldum mestar líkur á að við myndum vinna og það tókst með marki frá Jóhanni Erni Guðbrandssyni á 67. mínútu, eftir stoðsendingu frá Júlíusi Orra Óskarssyni. Fyrirliði var Andri Fannar Helgason.

***Ísland – Eistland, konur***

Íslenska liðið sigraði 3 – 0 með mörkum þeirra Soffíu Ummarin Kristinsdóttur á 13. mínútu, Stefaníu Pálsdóttur á 32. mínútu og Selmu Dögg Björgvinsdóttur, sem skoraði á 38. mínútu. Leikurinn var í raun kláraður í fyrri hálfleik og var seinni hálfleikur leikinn af öryggi.










# okkar í Tallin



***Karlaliðið vann einn leik af þremur.***

***Ísland – Svíþjóð, karlar***
Leikurinn tapaðist 0 – 4 en Svíar skoruðu á 20., 63., 75. og 90. mínútu. Svíarnir voru einfaldlega bara betri en við. Áttum í vök að verjast allan tímann og fengum á okkur ódýr mörk.

***Ísland – Noregur, konur***
Þær norsku sem höfðu sigrað lið Dana í fyrsta leiknum 6 – 1 voru ekkert of öruggar með sig í leiknum og virtust hafa áhyggjur af okkar liði. Þær íslensku gáfu ekkert eftir og börðust allan leikinn, fóru djarfar í allar tæklingar sem í boði voru. Þær norsku skoruðu á 7. mínútu og 53. mínútu. En okkar stúlkur gáfust ekki upp og á 63. mínútu skoraði Selma Dögg Björgvinsdóttir og minnkaði muninn í 1 mark. Þrátt fyrir mikla baráttu þá urðum við að lúta í lægra haldi og fór leikurinn 1 – 2 fyrir Noregi.

***Ísland – Danmörk, karlar***
Danir áttu leikinn en gekk ekkert að skora vegna þess að varnarvinnan var frábær eða að Andri Fannar Helgason varði meistaralega. Danir misstu mann af velli á 83. mínútu en þrátt fyrir hetjulega baráttu tókst ekki að koma í veg fyrir mark sem Danir skoruðu á 95. mínútu leiksins. Leikurinn endaði því 0 – 1.

***Ísland – Danmörk, konur***
Við byrjuðum mjög vel og skoraði Selma Dögg Björgvinsdóttir á fyrstu mínútunni eftir sendingu frá Stefaníu Pálsdóttur inn fyrir vörn þeirra dönsku. Danir jöfnuðu á 6. mínútu og juku forskotið á 34. mínútu og svo aftur á 43. mínútu. Staðan var því 1 – 3 fyrir Dani í hálfleik. Stefanía skoraði á 56. mínútu og Aníta jafnaði síðan með hnitmiðu skoti utan teigs á 77. mínútu. Það urðu síðan lokatölur 3 – 3.

***Ísland – Svíþjóð, konur***
Leikurinn var mjög jafn og marktilraunir á báða bóga. Á 86. mínútu hófst mikil rigning og eldingar sáust. Á þeirri sömu mínútu skoruðu þær sænsku og komust í eitt núll. Dómarinn gerði þá hlé á leiknum vegna eldinga sem sáust í næsta nágrenni við völlinn. Leikurinn hófst síðan aftur. Á 89. mínútu skoruðu þær sænsku aftur og urðu lokatölur því 0 – 2.

Frábær árangur hjá íslenskum lögreglukonum sem náðu þriðja sæti á sínu fyrsta Norðurlandamóti i knattspyrnu.

***Ísland – Noregur, karlar***
Leikurinn tapaðist 0 – 6 en Árni Freyr Geirsson varði oft vel í markinu og kom í veg fyrir stærri ósigur. Norðmenn skoruðu mörkin á 28., 30. og 36. mín. í fyrri hálfleik. Síðan skoruðu þeir á 48., 65. og 78. mín. og lokatölur þar með 0 – 6.

Ég vil f.h. ÍSL þakka öllum þeim sem tóku þátt í þessari ferð fyrir ánægjulega samfylgd og frábæra frammistöðu en þar stóð þó upp úr frammistaða kvennaliðsins.

***Óskar Bjartmarz,***
***fararstjóri og formaður ÍSL***

Tapas barinn
Timberland
TOYOTA
VAKA

# Landsmót í golfi 2019



*Vinningshafar í A-flokki; Trausti Freyr, Sigurbjörn og Páll.*

**Mótið fór fram á Garðavelli á Akranesi fimmtudaginn 18. júlí 2019. Það voru 36 keppendur sem mættu til leiks, veður var gott, bjart og vindur rólegur að þessu sinni á Skaganum.**

**Sigurbjörn Þorgeirsson í lögreglunni á Norðausturlandi sigraði í A-flokki á 75 höggum og varð þar með Íslandsmeistari lögreglumanna í golfi 2019.**

**A-flokkur forgjöf 0 – 9,9 höggleikur**
1. Sigurbjörn Þorgeirsson LNA 75 högg
2. Páll Theodórsson LRH 78 högg
3. Trausti Freyr Jónsson LV 80 högg

**B-flokkur forgjöf 10 – 18,4 punktakeppni**
1. Ásbjörn Stefánsson LRH 34 punktar
2. Hinrik Konráðsson LV 33 punktar*
3. Sveinn Ægir Árnason RLS 33 punktar

**C-flokkur forgjöf 18,5 – 24 punktakeppni**
1. Örvar Sær Gíslason LRH 33 punktar*
2. Jón Þór Eyþórsson LV 33 punktar
3. Kristján Freyr Geirsson LS 31 punktur

**D-flokkur forgjöf 24,1 – 54 punktakeppni**
1. Þórir Björgvinsson LV 29 punktar
2. Tómas Árni Ómarsson RLS 26 punktar
3. Ragnar Svanur Þórðarson RLS 23 punktar

**Öldungaflokkur 50 ára og eldri punktakeppni**
1. Skúli Jónsson LRH 35 punktar
2. Friðrik S. Björgvinsson HSS 33 punktar
3. Oddur Ólafsson LRH 22 punktar

**Heldrimannaflokkur 65 ára og eldri punktakeppni**
1. Börkur Skúlason 31 punktur*
2. Sigurður V. Benjamínsson 31 punktur
3. Gísli Þorsteinsson 26 punktar

## Sveitakeppni:

**1. LRH**
Páll Theodórsson 78 högg
Ásbjörn Stefánsson 86 högg
Egill Egilsson 90 högg
Samtals 254 högg

**2. Suðurnes**
Óskar Halldórsson 82 högg
Friðrik K. Jónsson 84 högg
Hjálmar Hallgrímsson 96 högg
Samtals 262 högg

**3. Vesturland**
Trausti Freyr Jónsson 80 högg
Hinrik Konráðsson 91 högg
Jón Þór Eyþórsson 94 högg
Samtals 265 högg

**Keppt var um að vera sem næstur holu í upphafshöggi á 3 holum.**

**Sigurvegarar urðu:**
Hola 3
Sigurður V. Benjamínsson 3,74 m.

Hola 8
Gísli Þorsteinsson 3, 47 m.

Hola 18
Ásbjörn Stefánsson 1,68 m.



*Vinningshafar í öldungaflokki. Frá vinstri: Friðrik, Einar og Oddur.*



*Vinningshafar í C-flokki. Frá vinstri: Kristján, Örvar og Jón Þór.*



# Mótalisti: 2020 - 2021

| | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| **Landsmót:** | | |
| Innanhússknattspyrna | Vesturland | Október |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | Nóvember |
| Öldungamót í innanhússknattsp. | Akureyri | Nóvember |
| Lögguhreysti CF Throwdown | Lögguhreystinefnd ÍSL | Desember |
| Holukeppni í golfi | Golfnefnd ÍSL | Júní/Ágúst |
| Golf | LRH | Júlí/Ágúst |
| **Norðurlandamót:** | | |
| Skotfimi | LRH/Reykjavík | 17. – 21. september |
| Blak | Noregur | |
| Ratleikni | Svíþjóð | |
| **Evrópumót:** | | |
| Skíði | Tzhevsk/Rússland | 9. – 13. mars |
| Knattspyrna kvenna | Þrándheimur/Noregur | 14. – 21. júní |
| Körfuknattleikur kvenna | Worchester/Bretland | Júlí |
| Tennis | Münster/Þýskaland | 1. – 8. ágúst |
| Hjólreiðar | Champlon/Sviss | 20. – 24. september |
| Víðavangshlaup | Hvíta-Rússland? | |
| Fjölbragðaglíma | Norður-Makedónía? | |

Vegna Covid19-ástandsins hafa Norðurlandamótin 2020 verið færð yfir á árið 2021. Sennilega verða mótin sem fram eiga að fara 2021 færð til 2022. Evrópumótin 2020, þar sem fyrir lágu framkvæmdaaðilar, verða færð yfir á 2021. Landsmótin í golfi hafa farið fram á árinu og ætlunin er að reyna að halda hin landsmótin i haust og fyrri hluta vetrar. Hvort það verður framkvæmanlegt byggir á framvindu Covid-19.

100 LSR í 100 ár 1919-2019







# ÞEKKIR ÞÚ RÉTTINDI ÞÍN?

Eftirlaun ævilangt

Örorkulífeyrir komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss

Maka- og barnalífeyrir

Séreignarsparnaður

**Kannaðu réttindi þín á Mínum síðum á vef LSR**

LSR